

Til Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu þskj. 281 – 272 mál

Reykjavík 15. nóvemebr 2006

Almenn umsögn

Ég tel að nýtt frumvarp um heilbrigðisþjónustu skilgreini betur en núgildandi lög grunnskipulag heilbrigðisþjónustunnar og valdheimildir ráðherra til stefnumótunar og eftirlits. Ég er einnig ánægður með að lögfesta eigi hlutverk heilbrigðisstofnana í kennslu og þjálfun heilbrigðisstétta.

Athugasemdir

Töluliður 10 í grein 4 verði:

Háskólasjúkrahús: Sjúkrahús sem veitir þjónustu í nær öllum viðurkenndum sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði, með áherslu á rannsóknir, þróun og kennslu. Sjúkrahúsið er í nánú samstarfi við háskóla **og framhaldsskóla** sem sinna kennslu og rannsóknum í læknisfræði og flestum öðrum greinum heilbrigðisvísinda. Starfsmenn sjúkrahússins, sem uppfylla tilteknar hæfiskröfur háskóla **eða framhaldsskóla**, gegna störfum bæði á sjúkrahúsinu og við **skólana** eða hafa önnur starfstengsl við skóla. Meðferð sjúklinga, kennsla og rannsóknir eru samþætt í daglegum störfum á sjúkrahúsinu.

Töluliður 11 í grein 4 verði:

Kennslusjúkrahús: Sjúkrahús sem veitir þjónustu í helstu sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði og hefur tengsl við háskóla **og framhaldsskóla** sem sinna kennslu og rannsóknum í læknisfræði og fleiri greinum heilbrigðisvísinda. Starfsmenn sjúkrahússins, sem sinna kennslu og rannsóknum, starfa náið með þeim **skólum** er sjúkrahúsinu tengjast.

FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Heilbrigðisskóli FÁ sér um kennslu sjúkraliða, lækna- og hjúkrunar- og móttökurita, tanntækna, heilsunuddara og lyfjatækna. Auk þess sér skólinn um framhaldsnám í öldrunarhjúkrun fyrir sjúkraliða. Starfsnám fer m.a. fram á heilbrigðisstofnunum, þar með talið Landspítala háskólasjúkrahúsi (LSH). Til að treysta samstarf okkar við LSH skrifuðum við Magnús Pétursson forstjóri undir samning milli skólans og spítalans um starfsnámið. Samningurinn var undirritaður þann 12. janúar 2006 og gildir til 5 ára. LSH hefur gert samning við tvo skóla á Íslandi, Háskóla Íslands og Fjölbrautaskólann við Ármúla. Mér finnst mikilvægt að í lagagreininni komi fram að heilbrigðisstéttir framhaldsskólastigsins eigi aðgang að heilbrigðisstofnum í námi sínu og framhaldsnámi.

Virðingarfyllt,



Gísli Ragnarsson,
skólameistari
Fjölbrautaskólans við Ármúla

